

BERGLIND RÓS MAGNÚSDÓTTIR, TORFI H. TULINIUS,
GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR OG
SIGRÚN MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

Nýtt þekkingarsvið Ástarrannsóknir

Undanfarin ár hefur áherslan í hug- og félagsvísindum orðið æ meir á svið tilfinninga. Hefur þetta verið nefnt „tilfinningabeygjan“ í akademískum rannsóknum (e. *emotional turn*). Þema þessa heftis eru tilfinningar sem kenndar eru við rómantíska eða kynferðislega ást. Um leið er gagnrýnin rannsóknarhefð kynnt, svokallaðar „ástarrannsóknir“ (e. *love studies*). Í þeim síðnútíma sem við lifum á er valfrelsi ríkjandi gildi. Um leið þarf hver og einn stöðugt að vera að nýta sér frelsi sitt til sjálfsávöxtunar og -betrunar en einnig til að hámarka lífsfullnægju sína.¹ Í slíku hugmyndafræðilegu andrými hefur ástin sem fyrirbæri öðlast enn mikilvægari sess í lífi fólks.² Æ færri reiða sig á guð, þjóðríkið eða byltinguna og þá er lítið eftir annað en ástin til að sameinast um.³ Innan ástarrannsókna eru valdatengsl í ástar- og kynlífssamskiptum undir smásjóni og er hugtakið „power“ þar miðlægt. Á norrænum málum hefur hugtakið bæði verið þýtt sem kraftur og vald. Kraftur er aflið sem gerir

¹ Nikolas Rose, *Governing the soul. The shaping of the private self*, London: Routledge, 1989.

² Lena Gunnarsson, Andriana García-Andrade og Anna Guðrún Jónasdóttir, „The power of lover. Towards an interdisciplinary and multi-theoretical feminist love studies“, ritstjórar Andriana García-Andrade, Lena Gunnarsson og Anna Guðrún Jónasdóttir, *Feminism and the power of love. Interdisciplinary interventions*, London: Routledge, 2018, bls. 1–12.

³ Luc Ferry, *On Love. A Philosophy for the Twenty-First Century*, Cambridge: Polity, 2013.



einstaklingnum kleift að beita því á öðrum, en það er möguleikinn á beitingu krafts, hvort sem hann raungerist eða ekki, sem felur í sér vald.⁴

Á akademískum vettvangi hafa löngum verið höfð skýr skil milli kynsemi og tilfinninga þar sem hið tilfinningalega var talið standa utan við það sem gæti talist haldbært rannsóknarefni, hvað þá grundvöllur kenningar.⁵ Af öllum tilfinningum var ást líklega sú síðasta sem gat talist verðugt viðfangsefni, enda eru „vegir ástarinnar órannsakanlegir“ eins og orðtakið segir. Ástin hefur því verið talin standa utan við lögmál fræðaheimsins. Kynjafræðingar og fræðimenn sem aðhylltust femínískar kenningar áttuðu sig á því að hið persónulega var líklega það pólitískasta og því væri mikilvægt að rýna í innstu afkima einkalífsins til að skilja ýmis félagsleg fyrirbæri til hlítar, þar á meðal ójöfnuð og kynjamisrétti.⁶ Þema þessa Rits er því rómantísk ást eins og hún birtist í ríkjandi orðræðu og/eða andófi gegn henni í sögulegu og samtímalegu samhengi. Heftið er ekki síst hugsað til að vekja upp þetta unga rannsóknarsvið hérlandis, en í raun má segja að það hafi ekki enn almennilega numið land þótt einn af frumkvöðlunum sé íslensk fræðikona.

Þótt fræðimenn hafi um nokkurt skeið fengist við umhyggju (e. *care*) sem fyrirbæri í uppeldi og mannlegum samskiptum, er stutt síðan rómantísk ást var talin akademískt viðfangsefni. Önnur svið menningarvettvangsins eins og listir og bókmenntir höfðu hana út af fyrir sig. Til marks um þetta má segja frá því að þegar Anna Guðrún Jónasdóttir, stjórn málafræðingur, prófessor emeritus við Örebro háskóla og heiðursdoktor við Háskóla Íslands, gaf út doktorsritgerðina sína hjá bandarísku vísindaforlagi, settu útgefendur sig upp á móti því að orðið ást yrði notað í titli bókarinnar. Það þótti einfaldlega ekki nógu fræðilegt. Svona var tíðarandinn í akademíunni árið 1994. Doktorsritgerðin sem skrifuð var á sænsku bar heitið „Ástarkraftur og pólitískir hagsmunir“ en í meðförum Temple háskólaútgáfunnar varð titillinn vísun í svar við spurningunni af hverju konur væru undirokaðar: *Why women are oppressed*.

Dr. Anna Guðrún Jónasdóttir setti fram kenningu sína um „ástarkraftinn“ (e. *love power*) í doktorsritgerð sinni 1991 eða fyrir sléttum 30 árum

⁴ Anna Guðrún Jónasdóttir, „What kind of power is love power?“, ritstjórar Anna Guðrún Jónasdóttir, Valerie Bryson og Kathleen B. Jones, *Sexuality, Gender and Power*, New York: Routledge, 2011, bls. 45–59.

⁵ Evelyn Fox-Keller og Helen Longino, *Feminism and Science*, Oxford: Oxford University Press, 1996.

⁶ Dorothy Smith, „Women’s perspective as a radical critique of sociology“, *Sociological Inquiry* 44: 1/1974, bls. 7–13.

síðan. Þar velti hún þeirri knýjandi spurningu fyrir sér af hverju konur væru eftir sem áður undirskipaðar körlum, þrátt fyrir formlegt jafnrétti. Við erum enn þann dag í dag að kljást við þessa sömu spurningu. Í ljósi þess að Anna Guðrún er frumkvöðull á sviði ástarrannsókna völdu gestarítstjórar þessa heftis að kynna verk hennar betur fyrir íslenskum lesendum með þýðingu á einni af lykilgreinum hennar um ástarkraftinn; „What kind of power is love power?“ sem gefin var út hjá Routledge og birtist í bókinni *Sexuality, Gender and Power* árið 2011. Þetta er í fyrsta skipti sem efni frá Önnu Guðrúnu birtist á íslensku. Lesendur fá jafnframt að kynnast nánar kenningum hennar í fyrstu fjórum greinum heftisins.

Annað stórt nafn á vettvangi ástarrannsókna hin síðari ár er Eva Illouz sem skrifar á mörkum menningar- og félagsfræða. Hún hefur ritað greinar og bækur um markaðsvæðingu ástarinnar og sjónræna auðvaldshyggju sem í sameiningu knýja nútímafolk inn í sambönd sem hún kallar frádræg tengsl (e. *negative relations*). Titill nýjustu bókar hennar er vísun í þessar niðurstöður: *The End of Love*, eða endalok ástarinnar. Sú bók er afrakstur tuttugu ára greiningarvinnu á gagnkynhneigðum ástartengslum í síðnútíma. Kenningar hennar og hugtök koma einnig talsvert við sögu í greinum þessa tölublaðs *Ritsins*.

Greinarnar innan þema eru sex talsins. Þær koma úr ólíkum áttum og er skipt í þrennt; það er félags- og menningarfræði, list- og bókmenntafræði og svo sagnfræði og guðfræði. Fyrstu tvær greinarnar lýsa hinum viðtekna félagslega veruleika út frá samtímagögnum. Brynhildur Björnsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir fjalla um hugmyndina um rómantíska ást eins og hún birtist í vestrænni menningu frá því á fyrri hluta tuttugustu aldar og til okkar daga. Þær spyrja hvort þróun hennar tengist auknu pólitísku og félagslegu valdi kvenna á 20. öld og þeirri röskun sem í kjölfarið varð á valdajafnvægi kynjanna. Berglind Rós Magnúsdóttir gerir grein fyrir niðurstöðum eiginlegra rannsókna hennar á lífi gagnkynhneigðra kvenna sem hafa áður verið í langvarandi sambandi og eru aftur að lifa tilhugalífi. Þær varpa ljósi á hvað hefur breyst á þessum 20–30 árum frá því þær voru síðast einhleypar. Margar eiga erfitt með að fóta sig í nýjum veruleika þar sem samskiptamiðlar og stefnumótaforrit skapa nýjar og óvæntar víddir. Upplifun þeirra er rædd í ljósi kenninga Önnu Guðrúnar Jónasdóttur og Evu Illouz.

Torfi H. Tulinius og Hlynur Helgason horfa til samtímalistamanna og hvernig þeir túlka ástina á ólíkan hátt. Grein Torfa rýnir í karllægan veruleika í samtímanum út frá skáldsögum Michel Houellebecq. Persónurnar sem

höfundurinn býr til eiga það sammerkt að vera mjög uppteknar af kynlífi en eiga erfitt með að mynda varanleg sambönd. Kenningar Evu Illouz og Carol Gilligan skýra ofuráhersluna á samspil kyngetu, æskufegurðar og samband við tengslaröskun í kapítalísku neylusamfélagi. Hlynur tekur til umfjöllunar verk íslenskrar myndlistarkonu, Kristínar Gunnlaugsdóttur. Á miðjum ferli hennar verður athyglisverð breyting á fagurfræði hennar, þar sem áferðar-falleg verk í helgimyndastíl víkja fyrir mun grófari og kaldhæðnari verkum, þar sem kvenlíkaminn er gjarnan sýndur í grótesku ljósi. Hlynur beitir aðferðum listfræðinnar til að ræða þessi umskipti sem hann tengir líka við hugmyndir Evu Illouz um sjónrænan kapítalísma. Það var því við hæfi að velja mynd Kristínar *Ég sé þig* til að prýða kápu þessa heftis. Er henni þakkað fyrir að veita leyfi til þess.

Íris Ellenberger rannsakar sendibréf milli kennara Kvennaskólans í Reykjavík frá því um aldamótin 1900, en sum þeirra hafa aðeins nýlega verið gerð aðgengileg. Bréfin bera vott um sterkan ástarhug milli kvenna. Í meðförum Írisar verða þau að merkilegri sögulegri heimild, sem hún setur í samhengi við sókn kvenna til menntunar á þessum tímum þar sem skólar gátu verið vettvangur andófs og ungar konur gátu gert tilraunir með nýja sjálfmynd. Bréfin varpa athyglisverðu ljósi á hvernig samkynja ástir tvinnuðust saman við fyrstu bylgu femínismans á Íslandi. Sólveig Anna Bóasdóttir segir frá umræðum guðfræðinga um samkynhneigðar ástir yfir tveggja alda tímabil og baráttunni fyrir viðurkenningu kirkjunnar á þeim, bæði erlendis og hérlendis, en hún var sjálf virkur þátttakandi í þeim. Réttlæti er mikilvægt hugtak á þeirri vegferð, en lengi vel samræmdist rétturinn til að elska einstakling af sama kyni ekki kennisetningum kirkjunnar sem hélt því fram að aðeins ást milli karla og kvenna væri guði þóknaleg. Á Norðurlöndum og víðar hafa þessar kennisetningar að mestu leyti vikið fyrir hugmyndum um réttláta ást sem viðurkennir rétt einstaklinganna til ástar óháð kyngervi.

Við þökkum öllum höfundum fyrir að hafa hlýtt greinakalli okkar og senda inn greinar. Mun fleiri sýndu þemanu áhuga og er líklegt að margir þeirra muni fylgja því eftir og birta greinar á öðrum vettvangi. Ástin er merkilegt viðfangsefni, ekki síst þegar hún er sett í sögulegt og félagslegt samhengi. Við erum sannfærð um að ástarrannsóknir eigi eftir að vaxa og dafna á næstu árum og hvetjum lesendur Ritsins til að fylgjast grannt með.

Að þessu sinni falla tvær greinar utan þema en þær eru í ritstjórn Guðrúnar Steinþórsdóttur og Sigrúnar Margrétar Guðmundsdóttur. Fyrri greinin er á sviði heimspeki og er eftir Gunnar Harðarson. Í stað þess að halda því

fram að Descartes sé fulltrúi þess sjónarmiðs að maðurinn sé hrein hugsandi vera, óháð líkamanum, eins og margir hafa gert, kýs Gunnar að kynna til sögunnar andstæðan lestur á Descartes þar sem hin líkamlega vídd er í fyrir-rúmi. Seinni greinin er eftir Hjalta Hugason en hún fjallar um breytta stöðu þjóðkirkjunnar í ljósi sögunnar.

*Berglind Rós Magnúsdóttir,
Torfi H. Tulinius,
Guðrún Steinþórsdóttir og
Sigrún Margrét Guðmundsdóttir*

